538. Nefndarálit

um frv. til laga um héraðsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir yfirfarið gaumgæfilega frv. til laga um héraðsskóla og leggur öll til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem skráðar eru hér á eftir. Tveir nefndarmanna (GSv og PHalld) áskilja sér ennfremur rétt til þess að bera fram eða fylgja brtt. við 13. gr. frv.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Á eftir „á sumrin" í 3. málsl. komi: að jafnaði.
2. Við 3. gr.
   a. Fyrir „skulu vera" í 1. málsl. 1. málsgr. komi: eru.
   b. Á eftir „fyrri" í 2. málsl. sömu málsgr. komi: eða fyrsta.
   c. Fyrir „verklega kennslu" í 5. málsl. komi: verknám.
   d. Fyrir „meginstefnur" í 2. málsl. 2. málsgr. komi: meginatriði.
   e. Fyrir „hina áhrifamestu" í sama málsl. komi: merkustu.
   f. Fyrir „íslenzkum fræðum" í síðasta málsl. sömu málsgr. komi: íslenzku í þessum skólum.
3. Við 6. gr. 2. liður orðist svo:
   Að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en að öðru leyti fer um ráðning þeirra og uppsögn, er hlítir 6 mánaða fyrirvara, eftir sömu reglum og um skólastjóra.
4. Við 7. gr. Síðasti málsl. orðist svo:
   Skólanefnd semur við kennara, í samráði við skólastjóra, hverskonar störf þeir skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.
5. Við 9. gr. Síðari málsl. síðustu málsgr. orðist svo:
   Sömuleiðis skal koma á fót við héraðsskóla svo fullkomnu sérnámi í húsagerð og smíði einfaldra húsgagna, að nemendur, sem þar hafa stundað nám, geti reist venjulegar byggingar og smíðað innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum.
6. Við 15. gr. Við greinina bætist: og breytingar, er á þeim lögum hafa verið gerðar.
7. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Síðari málsl. 2. málsgr. falli burt.
   b. 3. málsgr. orðist svo:
      Ákveða má í reglugerð, að skólanefnd skuli heimilt að undanþiggja kennara, að nokkru eða öllu leyti, störfum fyrir skólann utan reglulegs kennslutíma.

Alþingi, 20. des. 1939.

Bjarni Bjarnason, form., frsm. Pálmi Hannesson, fundaskr. Gísli Sveinsson.
Ásg. Ásgeirsson. Pétur Halldórsson.